STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1974

26. nóvember 1974. 753 Nr. 340.

REGLUGERÐ

um ákvörðun og innheimtu sérstaks verðálags á búvöru.

1. gr.

Við verðlagningu búvöru frá 1. desember 1974, samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga nr. 101/1966, skal hækka verð á mjólk, kindakjöti, nautakjöti og kartöflum sem því svarar, að launaliður verðlagsgrundvallar búvöru hækki um 5,5%. Hækkun þessi miðast við launalið verðlagsgrundvallar eins og hann varð við haustverðlagningu 1974, og hún skal haldast til 31. maí 1975.

Verðhækkun sú, er um ræðir í fyrri málsgr., er ákveðin til þess að standa straum af greiðslu launajöfnunarbóta til tekjulágra bænda, sbr. ákvæði 3. og 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 88 24. september 1974, um launajöfnunarbætur o. fl.

2. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar verðálag það, er um ræðir í 1. gr., að höfðu samráði við Sexmannanefnd.

3. gr.

Verðálag það, er um ræðir í 1. gr., kemur fram í hækkuðu heildsöluverði og útsöluverði á mjólk og mjólkurvörum, kindakjöti, nautgripakjöti og kartöflum, eftir gildandi starfsreglum Sexmannanefndar, sbr. og II. kafla laga nr. 101/1966.

Verðhækkun þessi skal ekki hafa áhrif á ákvörðun vinnslu- og dreifingarkostnaðar á umræddum vörum, né á krónuupphæð smásöluálagningar.

4. gr.

Aðilar, sem dreifa umræddum vörum í heildsölu, skulu greiða andvirði verðálagsins jafnóðum til Framreiðsluráðs landbúnaðarins, eftir nánari ákvörðun þess. Þessir aðilar eru og skyldir til að láta í té söluskýrslur og hvers konar aðrar upplýsingar, sem með þarf í þessu sambandi að dómi Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráði er heimilt að draga gjaldfallið verðálag frá niðurgreiðslufé, sem sama söluaðila ber, og það jafnt þótt verðálag sé vegna búvöru, sem ekki er greidd niður af ríkissjóði.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aðila, sem framleiða mjólk og selja hana beint til neytenda.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir reikningsskil um tekjur af verðálagi samkvæmt 1. gr. og um ráðstöfun þeirra. Reikningsskil þessi skulu endurskoðuð af endurskoðendum Framleiðsluráðs.

B 95

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 88 24. september 1974, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál, og hún öðlast gildi þegar í stað.

Forsætisráðuneytið, 26. nóvember 1974.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

Stjórnartíðindi B 40, nr. 340. Útgáfudagur 27. nóvember 1974.